

SAMÞYKKT

um meðhöndlun úrgangs í Hveragerðisbæ

1. gr.

Gildissvið.

Samþykkt þessi gildir um meðhöndlun úrgangs í Hveragerðisbæ, þ.m.t. um hirðu, söfnun og förgun úrgangs.

2. gr.

Markmið.

Markmið samþykktarinnar er:

- Að lágmarka það úrgangsmagn sem fer til förgunar með því að auka endurvinnslu og endurnýtingu úrgangs.
- Að lágmarka kostnað samfélagsins við meðhöndlun úrgangs.
- Að kostnaður vegna úrgangs greiðist af þeim sem úrganginum veldur.
- Að meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum óæskilegum umhverfisáhrifum.
- Að tryggja öryggi og vinnuvernd starfsmanna sem koma að meðhöndlun úrgangs.
- Að veita góða þjónustu.
- Að hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins verði höfð að leiðarljósi og horft verði til úrgangsprihyrningsins, við meðhöndlun úrgangs.

3. gr.

Skilgreiningar.

Aðkomustaður: Svæði sem söfnunartæki á auðvelt með að komast að, til að athafna sig við söfnun úrgangs úr ílátum viðkomandi íbúðarhúsnæðis. Sé aðgengi eða heimreið að íbúðarhúsi ekki aksturshæf færast aðkomustaður söfnunartækis til samræmis við það.

Annar úrgangur: Annar úrgangur en sá sem flokkast sem heimilisúrgangur eða rekstrarúrgangur.

BPHE: Borgað þegar hent er. Innheimtufyrirkomulag fyrir söfnun og aðra meðhöndlun úrgangs sem er sem næst raunkostnaði sérhvers úrgangshafa.

Grenndarstöðvar: Litlar söfnunarstöðvar um bæinn sem taka við gleri, málmum og textíl frá heimilum.

Grunneining: Samsetning fjögurra íláta: tunna undir blandaðan úrgang, tunna undir pappír og pappa, tunna undir plast og tunna undir lífúrgang.

Handhafi úrgangs: Framleiðandi úrgangs eða einstaklingurinn eða lögaðilinn sem hefur hann í vörslu sinni.

Hringrásarhagkerfi: Efnahagslegt kerfi þar sem vöruhönnun, framleiðsla, dreifing, neysla og meðhöndlun úrgangs mynda því sem næst lokaða auðlindahringrás.

Heimilisúrgangur: úrgangur sem flokkast sem:

- blandaður úrgangur frá heimilum og úrgangur frá heimilum sem er sérstaklega safnað, þ.m.t. pappír og pappi, gler, málmur, plast, lífúrgangur, timbur, textíll, umbúðir, raf- og rafeindatækjaúrgangur, notaðar rafhlöður og rafgeymar og rúmfrekur úrgangur, þ.m.t. dýnur og húsgögn,
- ii. blandaður úrgangur af öðrum uppruna og úrgangur af öðrum uppruna sem er sérstaklega safnað og er svipaður að eðli og samsetningu úrgangi frá heimilum,
- iii. en þó ekki úrgangur frá framleiðslu, landbúnaði, skógrækt, fiskveiðum, rotþróum, fráveitukerfum, þ.m.t. seyra, úr sér gengin ökutæki eða byggingar- og niðurrifsúrgangur.

Húsráðandi: Eigandi eða umráðandi viðkomandi fasteignar.

Ílát: Móttökuílát undir úrgang. Ílát til heimilisnota eru í stærðunum 120 lítra og 240 lítra. Önnur ílát eru 660 lítra og 1100 lítra og opnir eða lokaðir gámar í stærðum frá 2 m³ og upp í 36m³.

Lífrænn úrgangur: Úrgangur sem er niðurbrjótanlegur af örverum með eða án tilkomu súrefnis, t.d. lífúrgangur, sláturúrgangur, fiskúrgangur, ölgerðarhrat, húsdýraúrgangur, timbur, lýsi, garðyrkjuúrgangur, pappír, pappi og seyra.

Lífúrgangur: Lífbrjótanlegur garðaúrgangur, matar- og eldhúsúrgangur frá heimilum, skrifstofum, heildsölum, smásölum, veitingastöðum, mótuneytum og veisluþjónustufyrirtækjum, og sambærilegur úrgangur frá vinnslustöðvum matvæla.

Meðhöndlun úrgangs: Söfnun, geymsla, böggun, flokkun, flutningur, endurnýting, pökkun og förgun úrgangs, þ.m.t. eftirlit með slíkri starfemi og umsjón með förgunarstöðum eftir að þeim hefur verið lokað.

Rekstraraðili: Einstaklingur eða lögaðili sem ber ábyrgð á viðkomandi atvinnurekstri.

Rekstrarúrgangur: Úrgangur frá framleiðslu, þjónustu, verslun og öðrum rekstri, annar en heimilisúrgangur.

Söfnunarleið: Vegur sem söfnunartæki ekur til þess að safna úrgangi.

Söfnunarstöð (gámastöð): Staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi frá almenningi og/eða smærri fyrirtækjum. Þaðan fer hann til endurnotkunar, endurnýtingar eða er fluttur til móttökustöðvar.

Söfnunartæki: Ökutæki sem notað er til söfnunar úrgangs úr ílátum.

Tunna undir blandaðan heimilisúrgang: Merkt ílát undir blandaðan heimilisúrgang sem ekki er hæfur til endurvinnslu eða endurnýtingar, þó ekki garðaúrgang eða timbur.

Tunna undir lífrænan úrgang: Merkt ílát undir lífrænan heimilisúrgang. Sveitarfélagið auglýsir sérstaklega hvaða úrgang má setja í tunnuna.

Tunna undir pappír og pappa: Merkt ílát undir endurvinnanlegan pappír og pappa.

Tunna undir plast. Merkt ílát undir endurvinnanlegt plast og plastumbúðir frá heimilum.

Þjónustuaðili: Einstaklingur eða lögaðili, annar en þjónustuverktaki, sem hefur starfsleyfi til söfnunar og meðhöndlunar úrgangs.

Þjónustuverktaki: Einstaklingur eða lögaðili sem sveitarstjórn hefur falið framkvæmd á tilteknum þáttum meðhöndlunar úrgangs.

4. gr.

Umsjón og eftirlit.

Um meðhöndlun úrgangs í Hveragerðisbæ fer samkvæmt þessari samþykkt, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðum settum með stoð í framangreindum lögum.

Meðhöndlun úrgangs fer fram undir yfirstjórn sveitarstjórnar og er háð eftirliti heilbrigðisnefndar og/eða Umhverfisstofnunar eftir því sem við á, í samræmi við lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Söfnun úrgangs frá íbúðarhúsnæði fer fram í samræmi við útgefið sorphirðudagatal, en söfnun frá atvinnuhúsnæði og öðru húsnæði er á ábyrgð eigenda.

Sveitarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd með tilteknum þáttum meðhöndlunar úrgangs. Viðkomandi skal hafa starfsleyfi heilbrigðisnefndar eða Umhverfisstofnunar eftir því sem við á.

5. gr.

Skyldur íbúa, húsráðenda, rekstraraðila og landeigenda.

Íbúum, húsráðendum, rekstraraðilum og landeigendum í sveitarfélaginu ber að fara eftir þeim reglum sem sveitarfélagið setur um meðhöndlun úrgangs. Úrgangur sem samþykktin nær til má einungis meðhöndla í samræmi við gildandi lög, reglugerðir og kröfur sveitarfélagsins.

- Skýlt er að endurnota eða flokka og endurnýta úrgang eins og kostur er, hvort sem slíkum úrgangi er safnað við húsnæði samkvæmt 6.-8. gr. eða skilað til söfnunarstöðvar samkvæmt 10. gr.
- Setja skal allan úrgang sem safnað er við húsnæði í viðeigandi ílát, sbr. 6.-8. gr. Að öðrum kosti er þjónustuverktaka heimilt að skilja hann eftir.
- Flokkaður úrgangur skal meðhöndlaður þannig að hann blandist ekki öðrum úrgangsflokkum. Flokkaðan úrgang skal geyma og meðhöndla þannig að gæði hans við væntanlega endurnýtingu skerðist sem minnst.
- Úrgangur sem getur fokið skal geyma þannig að hann fjúki ekki. Meðhöndlun úrgangs má ekki valda lyktarópægindum, draga til sín meindýr eða skapa hreinlætisvandamál.
- Óheimilt er að skilja eftir eða geyma rusl, garðaúrgang eða annan úrgang á víðavangi, götum, gangstígum, við sorpgáma eða á opnum svæðum í sveitarfélaginu. Sama á við um númerslausar bifreiðar, vélar, báta og önnur tæki.
- Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum, sem hætta er á að skaði þá sem meðhöndla úrgang eða sorpílát skal pakkað inn eða gengið frá þeim á annan tryggilegan hátt.

Sveitarfélagið ber ábyrgð á sérstakri söfnun og annarri meðhöndlun úrgangs á sínu svæði og samskiptum við þá aðila sem tengjast þeim viðfangsefnum. Sveitarfélagið getur sinnt sérstakri söfnun og annarri meðhöndlun úrgangs á eigin vegum og er heimilt að fela öðrum framkvæmd söfnunar á úrgangi, rekstur grenndar-, söfnunar- og móttökustöðva og förgun úrgangs. Þjónustuaðilar skulu hafa starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti eða Umhverfisstofnun eftir því sem við á.

6. gr.

Söfnun heimilisúrgangs.

Öll íbúðarhús í sveitarfélaginu skulu búin grunneiningu íláta sem sveitarfélagið leggur til. Húsráðandi greiðir fyrir ílátin samkvæmt gjaldskrá sveitarfélagsins. Í þessi ílát má aðeins setja heimilisúrgang, en þó ekki garðaúrgang, gler, málm, textíl eða timbur. Óheimilt er að setja spilliefni í ílátin. Húsráðandi getur óskað eftir að skipta út tunnum fyrir blandaðan úrgang annars vegar og lífrænan úrgang hins vegar í eina tvískipa tunnu og greiðir þá fyrir það samkvæmt gjaldskrá Einnig getur hann farið með umframmagn heimilisúrgangs á söfnunarstöð sveitafélagsins sbr. 9 gr.

Staðsetning íláta má að hámarki vera 20 metra frá aðkomustað söfnunartækis við íbúðarhúsnæði. Húsráðandi skal gæta þess að ílát séu hrein, vel við haldið og að ekki sé hætta á að þau fjúki. Festingar íláta mega ekki hamla losun þeirra. Gott aðgengi skal vera að ílátunum og skal húsráðandi moka snjó frá þeim ef þörf krefur vegna söfnunar. Tapist eða skemmist ílát vegna ófullnægjandi frágangs eða meðferðar af hálfu húseiganda skal hann greiða kostnað við viðgerð eða endurnýjun ílátsins.

Garðaúrgangi, timbri, spilliefnum og öðrum úrgangi frá íbúðarhúsnæði skal skila til söfnunarstöðvar sveitarfélagsins sbr. 9. gr. Einnig má semja við þjónustuverktaka um ílát og þjónustu fyrir slíkan úrgang.

Söfnun úrgangs frá íbúðarhúsnæði fer fram í samræmi við útgefið sorphirðudagatali.

Brjóti húsráðandi gegn framangreindum skyldum er heimilt að synja um losun íláta þar til bætt hefur verið úr. Þjónustuaðili skal vekja athygli húsráðanda á hvað þurfi að bæta með skýrum hætti.

7. gr.

Rekstrarúrgangur.

Meðhöndlun úrgangs rekstraraðila í Hveragerði er á ábyrgð viðkomandi rekstraraðila og skal vera samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerð

nr. 737/2003, um meðhöndlun úrgangs. Rekstraraðili getur samið við þjónustuverktaka eða þjónustuaðila um söfnun og meðhöndlun úrgangs.

Rekstraraðilar skulu fylgja kröfum sem gerðar eru um flokkun tiltekinna úrgangsflokka frá blönduðum úrgangi og eftir því sem við á kröfum um sorpgerði og geymslur. Óheimilt er að geyma rekstrarúrgang á lóðum lengur en nauðsyn getur talið.

Frágangur og umgengni um sorpílát svo og flutningur á úrgangi frá fyrirtækjum skal vera í samræmi við fyrirmæli heilbrigðisnefndar og samkvæmt reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs. Staðsetning sorpgáma vegna rekstrarúrgangs skal vera í samræmi við ákvarðanir bæjarstjórnar þar um, eða ákvæði deiliskipulags. Rekstraraðila er einnig heimilt að skila rekstrarúrgangi til söfnunarstöðvar gegn gjaldi.

8. gr.

Flokkun úrgangs.

Sú skylda hvílir á handhafa úrgangs, hvort sem það er sá sem úrgangurinn fellur til hjá eða sá sem hefur hann undir höndum, að færa úrganginn til viðeigandi meðhöndlunar, annað hvort beint til endurnýtingar eða á grenndar-, söfnunar- eða móttökustöð. Einstaklingum og lögaðilum er skylt að flokka heimilis og rekstrarúrgang í samræmi við reglur um sérstaka söfnun sbr. 5. gr.

9. gr.

Geymslur og gerði fyrir söfnun úrgangs

Sveitarfélagið leggur til ílát undir úrgang við heimili. Ganga skal þannig frá ílátum, geymslum og gerðum að þau valdi ekki óþrifum eða óþægindum. Halda skal þeim við eftir þörfum og þau hreinsuð reglulega. Geymslur og gerði má eingöngu nota til geymslu úrgangs.

Staðsetning íláta má að hámarki vera 20 metra frá aðkomustað söfnunartækis og skal húsráðandi halda aðkomuleið greiðri þ.e. hreinsa snjó ef þörf er á, sjá til þess að það sé nóg pláss til að athafna sig og ekki lausir hundar. Sé húsráðandi ekki unnt að tryggja að þessi skilyrði séu uppfyllt er sveitarfélaginu heimilt að leggja á sérstakt gjald vegna þess samkvæmt gjaldskrá. Í sérstökum tilvikum er heimilt að synja um losun úrgangs.

10. gr.

Grenndar-, söfnunar- og móttökustöðvar.

Grenndarstöðvar taka á móti flokkuðum úrgangi frá íbúum. Rekstraraðilar geta farið með sinn úrgang á söfnunar- og móttökustöðvar gegn gjaldi.

Tekið er á móti úrgangi sem fellur til í sveitarfélaginu á söfnunarstöð sem staðsett er á gámasvæðinu í Hveragerði. Úrgangi sem skilað er til söfnunarstöðvar skal flokkaður samkvæmt flokkunarreglum sveitarfélagsins. Spilliefni, svo sem úrgangsolía og úrgangsvökvar, skulu aðskilin frá öðrum úrgangi og uppfylla skilyrði reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni.

Í gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs sbr. 13 gr. eru nánar greindir þeir úrgangsflokkar sem tekið er á móti og það gjald sem tekið er fyrir móttöku og meðhöndlun hvers um sig. Slík gjöld skulu innheimt við móttöku annarra úrgangsflokka en almenns heimilisúrgangs sem safnað er af sveitarfélaginu eða þjónustuverktaka. Heimilt er að undanþiggja gjaldskyldu minni háttar magns tiltekins heimilisúrgangs sem komið er með til söfnunarstöðvar. Ávallt skal tekið gjald fyrir allan rekstrarúrgang.

Söfnunarstöð er mönnuð og hefur ákveðinn auglýstan afgreiðslutíma.

11. gr.

Umgengni á almannafæri.

Óheimilt er að skilja úrgang eftir á víðavangi, götum eða gangstéttum eða opnum svæðum. Sama á við um númerslausa bíla, úr sér gengin ökutæki og sambærilega hluti.

12. gr.

Heimildir til undanþágu.

Í undantekningartilvikum getur sveitarfélagið veitt undanþágu frá tilteknum skilyrðum samþykktar þessarar, svo fremi að þær fari ekki í bága við ófrávíkjanleg ákvæði laga og reglugerða.

13. gr.

Gjaldtaka.

Sveitarstjórn innheimtir gjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs í samræmi við 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Sveitarstjórn er heimilt skv. 2. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003 að innheimta gjald fyrir tengda starfsemi sem samræmist markmiðum laganna svo sem þróun nýrrar tækni við meðhöndlun úrgangs, rannsóknir, fræðslu og kynningarmál.

Gjöld skulu lögð á í samræmi við gjaldskrá sem sett er samkvæmt 4 mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar sbr. einnig 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Gjöld í hverjum flokki skulu vera sem næst meðalraunkostnaði við þá þjónustu sem veitt er, en þó aldrei hærri en sem nemur þeim kostnaði sem til fellur í sveitarfélaginu við meðhöndlun úrgangs, veitta þjónustu, framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum og tengda starfsemi, sbr. 1 mgr.

Gjöld skulu lögð á hverja fasteign sem nýtur þjónustu samkvæmt þessari samþykkt. Heimilt er að leggja aukagjöld á rekstraraðila með hliðsjón af magni úrgangs, gerð úrgangs, losunartíðni, frágangi úrgangs og öðrum þáttum sem áhrif hafa á kostnað við meðhöndlun úrgangs viðkomandi aðila samkvæmt mati eða skráningu sveitarfélagsins eða samkomulagi við viðkomandi.

Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda og skal í gjaldskránni vísað til þessarar samþykktar.

15. gr.

Kvartanir ábendingar og kærur

Kvörtunum vegna meðhöndlunar úrgangs skal komið á framfæri við skrifstofu Hveragerðisbæjar, þjónustuaðila á vegum Hveragerðisbæjar eða Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Stjórnvaldsákvæðanir sem teknar eru á grundvelli þessarar samþykktar eru kærnanlegar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í samræmi við 1 mgr. 67. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

16. gr.

Viðurlög

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum 67. og 68. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 68. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

17. gr.

Gildistaka.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 8. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, sbr. ákvæði 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 342/2010 um meðhöndlun úrgangs í Hveragerði.

Hveragerðisbæ 8. júní 2023

Geir Sveinsson bæjarstjóri.

